

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2011

2011/EES/43/03

frá 20. maí 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/3/EB frá 11. mars 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/23/EB frá 23. apríl 2009 um vogir sem eru ekki sjálfvirkar (kerfisbundin útgáfa) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/34/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit (endurútgefin) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/137/EB frá 10. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB um mælitæki með hliðsjón af nýtingu mestrar leyfðrar skekkju að því er varðar viðaukana MI-001 til MI-005 um sérstök tæki ⁽⁵⁾.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/23/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 90/384/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/34/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 71/316/EBE ⁽⁷⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði IX. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 71/316/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0034:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/34/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 106, 28.4.2009, bls. 7).“

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við textann í hornklofum í fyrsta undirlið liðar 3.1 í I. viðauka og í fyrsta undirlið í staflíð a) í lið 3.1.1.1 í II. viðauka:

„FL fyrir Liechtenstein, IS fyrir Ísland, N fyrir Noreg“,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 114, 7.5.2009, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 106, 28.4.2009, bls. 7.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 294, 11.11.2009, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 189, 20.7.1990, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 202, 6.9.1971, bls. 1.

- b) Við teikningarnar sem vísað er til í lið 3.2.1 í II. viðauka bætist nauðsynlegir bókstafir vegna táknanna FL, IS, N.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 24. lið (tilskipun ráðsins 80/181/EBE):
„– **32009 L 0003**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/3/EB frá 11. mars 2009 (Stjtið. ESB L 114, 7.5.2009, bls. 10).“
3. Texti 27. liðar (tilskipun ráðsins 90/384/EBE) hljóði svo:
„**32009 L 0023**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/23/EB frá 23. apríl 2009 um vogir sem eru ekki sjálfvirkar (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB 122, 16.5.2009, bls. 6).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 27b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB):
„– **32009 L 0137**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/137/EB frá 10. nóvember 2009 (Stjtið. ESB 294, 11.11.2009, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/3/EB, 2009/23/EB, 2009/34/EB og 2009/137/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.